



## Umsögn um drög að menntastefnu frá Félagi íslenskra leikara og sviðslistafólks

Reykjavík, apríl 2021

Félag íslenskra leikara og sviðslistafólks fagnar því að stjórnvöld móti og endurskoði Menningarstefnu sína.

En efnið er víðfemt og ef ekki fylgir áætlun um hvernig markmiðum verði náð, ef enginn er ábyrgur, þá er hætt við því að framkvæmdin verði minni en stefnt var að og ávinningur óljós.

Við tökum því heilshugar undir umsagnir frá Bandalagi íslenskra listamanna ofl. um að menningarstefnu þurfi að fylgja aðgerðaráætlun og ábyrgðaraðilar að þeirri áætlun.

Við söknum þess að ekki sé meiri gaumur gefinn að starfsumhverfi listamanna í þessum drögum. Að það sé sett inn í opinbera menningarstefnu að listamönnum beri sanngjarnt endurgjald fyrir verk sín og störf. Rökstuðningur fyrir fjárveitingu úr opinberum sjóðum hlýtur að ganga út frá gegnsæi í því hvernig listamönnum er umbunað.

Listamenn þurfa að geta lifað af listsköpun sinni og að geta elst með reisn í listinni.

Virðingarfyllst f.h. FÍL

Birna Hafstein, formaður  
Hrafnhildur Theodórsdóttir, framkvæmdastjóri